

18. nóvember 2016

## Rekstur og efnahagur fyrirtækja 2015

*Financial statements of Icelandic companies 2015*

*Samantekt* Velta í viðskiptahagkerfinu, að undanskilinni lyfjaframleiðslu, fjármála- og váttryggingastarfsemi, var um 3.700 ma. kr. árið 2015 samanborið við 3.400 ma. kr. árið 2014 og hafði því hækkað um 6,8%. Eigið fé jókst um rúmlega 16% frá 2014 og var í lok árs 2015 um 2.600 ma. kr. Arðgreiðslur 2015 námu rúmlega 93 mö. kr. sem er tæplega 8 ma. kr. aukning frá fyrra ári.

Ef litið er til rekstrartekna í einstökum atvinnugreinum má nefna að rekstrartekjur sjávarútvegsfyrirtækja voru 364 ma. kr. (aukning um 4,1%), fyrirtækja í einkennandi greinum ferðaþjónustunnar 479 ma. kr. (13%) og rekstrartekjur í framleiðslu málma 247 ma. kr. (7%).

Eigið fé einkennandi greina ferðaþjónustunnar fór úr 63 mö. kr. í árslok 2014 í 91 ma. kr. í lok árs 2015. Aukning eigin fjár í fasteignaviðskiptum var um 64 ma. kr. 2015 en það er um 23% aukning frá fyrra ári og aukningin í sjávarútvegi var 38 ma.kr. eða 18%.

Arðgreiðslur í sjávarútvegi voru tæplega 15 ma. kr. og lækkuðu um 6,2 ma. kr. frá 2014. Einkennandi greinar ferðaþjónustunnar greiddu út rúmlega 11 ma. kr. í arð árið 2015, sem er hækun um 2,9 ma. kr. frá fyrra ári.

### Lykiltölur úr rekstrar- og efnahagsreikningi


Hagstofa Íslands hefur tekið saman upplýsingar um rekstur og efnahag íslenskra fyrirtækja fyrir árin 2002–2015. Byggt er á upplýsingum úr rekstrarframtölum fyrirtækja og nær yfirlitið yfir allar atvinnugreinar einkageirans utan landbúnaðar, fjármála- og váttryggingastarfsemi og lyfjageira (ÍSAT nr. 03–20, 22–63, 68–82, 95–96). Í þessu hefti er stiklað á stóru um fáeinar atvinnugreinar, en á vef Hagstofunnar má nálgast ýtarlegri upplýsingar.



Skuldir jukust stöðugt frá 2002 til 2008 þegar þær náðu hámarki í um 6.175 mö. kr. Eiginfjárlutfall var um 42% í lok árs 2015 en það er um 4% aukning frá fyrra ári. Þetta hlutfall hefur hækkað að meðaltali um 4 prósentustig á ári síðan 2008, en í lok þess árs var það um 13% og árin þar á undan í kringum 30%.

**Mynd 1. Þróun nokkurra stærða úr rekstri og efnahag viðskiptahagkerfisins að undanskilinni fjármála- og váttryggingastarfsemi 2002–2015**

Figure 1. Total business economy excluding financial and insurance activities 2002–2015



**Skýringar** Notes: Upphæðir eru á verðlagi ársins 2015 (notast er við neysliverðsvisitölu án húsnæðis). Values have been adjusted to 2015 prices.

**Tafla 1. Rekstur og efnahagur viðskiptahagkerfisins að undanskilinni fjármála- og váttryggingastarfsemi 2010–2015**

Table 1. Total business economy excluding financial and insurance activities 2010–2015

Milljarðar kr. Billion ISK	2010	2011	2012	2013	2014	2015
<b>Almennt General</b>						
Fjöldi number of companies	32.183	32.363	32.555	33.055	34.260	...
<b>Rekstur Operations</b>						
Rekstrartekjur Operating income	3.065	3.237	3.304	3.336	3.465	3.698
Þar af söluhagnaður Thereof realized gains and losses	21	25	24	27	30	37
Vöru- og hráefnisnotkun Goods and raw material	-1.562	-1.674	-1.714	-1.703	-1.784	-1.861
Launakostnaður Labour costs	-537	-572	-585	-609	-650	-706
Annar rekstrarkostnaður Other operating expenses	-602	-604	-595	-614	-597	-616
Fyrmingar Depreciation	-122	-118	-120	-150	-142	-160
Hagnaður fyrir fjármagnsliði Earnings before interest	242	268	289	260	293	355
Fjármagnsliðir Financial items	-50	36	-63	-86	-48	-42
Óreglulegir liðir Extraordinary items	-50	4	-15	-5	-7	-7
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga Share of profit of subsidiaries	18	56	50	85	88	108
Hagnaður fyrir skatt Profit before tax	160	364	261	255	327	413
Tekjuskattur Income tax	-41	-40	-48	-46	-49	-63
<b>Hagnaður skv. ársreikningi Net profit</b>	<b>118</b>	<b>324</b>	<b>213</b>	<b>209</b>	<b>277</b>	<b>351</b>
Arðgreiðslur Dividends	-50	-52	-69	-109	-84	-93
<b>Efnahagur Balance sheet</b>						
Rekstrarfjármunir Fixed assets	2.669	2.606	2.582	2.500	2.689	2.866
Óefnislegar eignir Intangible assets	447	441	432	406	427	427
Eignarhlutir í öðrum félögum Shares in other companies	795	895	833	713	947	1.015
Birgðir Stock	258	265	274	277	298	317
Viðskipta- og skammtímakröfur Trade and other receivables	1.175	1.028	952	892	1.131	1.148
Handbært fé og verðbréf Cash and securities	382	332	341	329	342	351
Aðrar eignir Other assets	81	97	101	69	52	51
Langtímaskuldir Long-term liabilities	3.246	2.978	2.736	2.450	2.679	2.621
Skammtímaskuldir Short-term liabilities	1.339	1.028	1.007	958	966	966
Eigið fé Equity	1.221	1.658	1.775	1.778	2.240	2.587


Skýringar Notes: Verðlag ársins 2015. Values have been adjusted to 2015 prices.

## Sjávarútvegur

Eigið fé í sjávarútvegi var um 254 ma. kr. og eiginfjárhlutfall um 40% í lok árs 2015. Hlutfall óefnislegra eigna af heildareignum í sjávarútvegi hefur verið nokkuð stöðugt síðustu árin, eða um 40%. Að stærstum hluta er þar um að ræða eignfærðar veiðiheimildir. Hagnaður fyrir fjármagnsliði og skatta nam um 65 mö. kr. 2015 sem er 28% aukning frá árinu áður þegar hann var 51 ma. kr.

### Mynd 2. Sjávarútvegur 2002–2015

Figure 2. Fisheries 2002–2015



**Skýringar** Notes: Upphæðir eru á verðlagi ársins 2015 (notast er við neysluverðsvísitölu án húsnæðis). Values have been adjusted to 2015 prices.

**Tafla 1. Sjávarútvegur 2010–2015**  
**Table 2. Fisheries 2010–2015**


Milljarðar kr. <i>Billion ISK</i>	2010	2011	2012	2013	2014	2015
<b>Almennt <i>General</i></b>						
Fjöldi <i>number of companies</i>	1.740	1.788	1.819	1.835	1.814	...
<b>Rekstur <i>Operations</i></b>						
Rekstrartekjur <i>Operating income</i>	346	386	394	368	355	369
Þar af söluhagnaður <i>Thereof realized gains and losses</i>	4	11	4	4	7	6
Vöru- og hráefnisnotkun <i>Goods and raw material</i>	-137	-148	-169	-160	-155	-152
Launakostnaður <i>Labour costs</i>	-88	-96	-96	-94	-90	-96
Annar rekstrarkostnaður <i>Other operating expenses</i>	-47	-50	-46	-48	-46	-45
Fyrmingar <i>depreation</i>	-12	-11	-14	-11	-12	-11
Hagnaður fyrir fjármagnsliði <i>Earnings before interest</i>	62	81	69	54	51	65
Fjármagnsliðir <i>Financial items</i>	-13	-9	-11	16	-4	-6
Óreglulegir liðir <i>Extraordinary items</i>	0	15	4	3	3	-2
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga <i>Share of profit of subsidiaries</i>	12	7	5	7	7	5
Hagnaður fyrir skatt <i>Profit before tax</i>	60	94	66	80	57	62
Tekjuskattur <i>Income tax</i>	-10	-14	-12	-13	-10	-10
<b>Hagnaður samkvæmt ársreikningi <i>Net profit</i></b>	<b>50</b>	<b>80</b>	<b>54</b>	<b>67</b>	<b>48</b>	<b>53</b>
Arðgreiðslur <i>Dividends</i>	-6	-6	-9	-17	-21	-15
<b>Efnahagur <i>Balance sheet</i></b>						
Rekstrarfjármunir <i>Fixed assets</i>	128	119	130	120	142	157
Óefnislegar eignir <i>Intangible assets</i>	242	244	237	229	253	255
Eignarhlutir í öðrum félögum <i>Shares in other companies</i>	79	97	52	62	75	71
Birgðir <i>Stock</i>	26	28	33	26	31	37
Viðskipta- og skammtímakröfur <i>Trade and other receivables</i>	75	91	86	91	86	87
Handbært fé og verðbréf <i>Cash and securities</i>	48	43	36	41	36	35
Aðrar eignir <i>Other assets</i>	1	2	1	1	2	1
Langtímaskuldir <i>Long-term liabilities</i>	423	365	334	290	272	278
Skammtímaskuldir <i>Short-term liabilities</i>	146	132	111	102	135	110
Eigið fé <i>Equity</i>	30	128	131	178	217	254

## Ferðaþjónusta

Rekstrartekjur einkennandi greina ferðaþjónustunnar, sem taldar eru upp í kafla um sérstakar samantektir, jukust um 55 ma. kr. frá 2014 til 2015 eða um 13%. Eigið fé hækkaði um tæplega 28,5 ma. kr. eða 45%. Munar þar mestu um eiginfjárhækkunir í flokkunum farþegaflutningar með flugi og hótél og gistiheimili. Samhliða hækkun eiginfjár eru langtímaskuldir að aukast um rúmlega 36 ma. kr. (34,4%) og varanlegir rekstrarfjármunir hækka úr 119 mö. kr. í tæplega 172 ma. kr. sem er aukning um rúm 44%.

### Mynd 3. Ferðaþjónusta 2002–2015

Figure 3. Tourism industries 2002–2015



**Skýringar** Notes: Upphæðir eru á verðlagi ársins 2015 (notast er við neysluverðsvisitölu án húsnæðis). Values have been adjusted to 2015 prices.

**Tafla 2. Ferðapjónusta 2010–2015***Table 3. Tourism industries 2010–2015*


Milljarðar kr. <i>Billion ISK</i>	2010	2011	2012	2013	2014	2015
<b>Almennt <i>General</i></b>						
Fjöldi <i>number of companies</i>	2.568	2.668	2.735	2.899	3.215	...
<b>Rekstur <i>Operations</i></b>						
Rekstrartekjur <i>Operating income</i>	312	340	367	406	425	479
Þar af söluhagnaður <i>Thereof realized gains and losses</i>	1	1	2	3	2	3
Vöru- og hráefnisnotkun <i>Goods and raw material</i>	-109	-135	-149	-164	-165	-169
Launakostnaður <i>Labour costs</i>	-55	-61	-66	-74	-85	-102
Annar rekstrarkostnaður <i>Other operating expenses</i>	-123	-122	-123	-129	-132	-148
Fyrmingar <i>depreation</i>	-9	-11	-12	-15	-16	-20
Hagnaður fyrir fjármagnsliði <i>Earnings before interest</i>	16	11	17	23	26	40
Fjármagnsliðir <i>Financial items</i>	-4	0	-2	-1	-4	-5
Óreglulegir liðir <i>Extraordinary items</i>	1	0	-1	0	-1	0
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga <i>Share of profit of subsidiaries</i>	3	2	2	1	0	0
Hagnaður fyrir skatt <i>Profit before tax</i>	15	13	16	23	22	34
Tekjuskattur <i>Income tax</i>	-1	-3	-3	-4	-4	-7
<b>Hagnaður samkvæmt ársreikningi <i>Net profit</i></b>	<b>14</b>	<b>10</b>	<b>13</b>	<b>20</b>	<b>18</b>	<b>26</b>
Arðgreiðslur <i>Dividends</i>	-1	-2	-5	-6	-8	-11
<b>Efnahagur <i>Balance sheet</i></b>						
Rekstrarfjármunir <i>Fixed assets</i>	64	72	87	99	120	172
Óefnislegar eignir <i>Intangible assets</i>	3	3	4	4	5	4
Eignarhlutir í öðrum félögum <i>Shares in other companies</i>	27	27	29	29	29	33
Birgðir <i>Stock</i>	5	5	4	5	5	6
Viðskipta- og skammtímakröfur <i>Trade and other receivables</i>	51	59	61	67	81	99
Handbært fé og verðbréf <i>Cash and securities</i>	22	23	29	30	31	37
Aðrar eignir <i>Other assets</i>	2	2	3	3	3	1
Langtímaskuldir <i>Long-term liabilities</i>	85	88	94	97	106	142
Skammtímaskuldir <i>Short-term liabilities</i>	71	73	84	86	104	120
Eigið fé <i>Equity</i>	18	29	39	53	63	91

## Framleiðsla málma

Frá 2005 til 2011 jukust rekstrartekjur fyrirtækja í framleiðslu málma um 203 ma. kr. á verðlagi 2015 eða að meðaltali um 26% á ári. Frá árinu 2011 til 2015 hefur veltan aftur á móti dregist saman um 23 ma. kr. eða samtals 8,5%. Álverð lækkaði um 30% á sama tíma, sé miðað við ársmeðaltal á álverði í krónum á föstu verðlagi.<sup>1</sup>

### Mynd 4. Framleiðsla málma 2002–2015

Figure 4. Manufacture of basic metals 2002–2015



**Skýringar** Notes: Upphæðir eru á verðlagi ársins 2015 (notast er við neysluverðsvisítölu án húsnæðis). Values have been adjusted to 2015 prices.

<sup>1</sup> Dægurverð á a.m.k. 99,5% hreinu áli skv. Málmauphöllinni í London.




## Rekstur gististaða

Frá 2004 til 2015 hafa rekstrartekjur gististaða riflega þrefaldast og aukist um rúmlega 42 ma. kr. á verðlagi ársins 2015. Árið 2015 voru rekstrartekjur 61 ma. kr. og jukust um 9.5 ma. kr. á milli ára. Samhliða aukinni veltu hefur hagnaður í greininni aukist og var hagnaður fyrir fjármagnsliði tæplega 6 ma. kr. árið 2015, sem er aukning um tæplega 900 mkr. frá árinu áður. Mikil fjárfesting hefur átt sér stað í greininni og var 16 ma. kr. aukning á varanlegum rekstrarfjármunum milli 2014 og 2015 en á sama tíma hækkaði eiginfjárhlutfall úr 15% í 23%.

### Mynd 5. Rekstur gististaða 2002–2015

Figure 5. Accommodation 2002–2015




**Skýringar** Notes: Upphæðir eru á verðlagi ársins 2015 (notast er við neysliverðsvisitölu án húsnæðis). Values have been adjusted to 2015 prices.

## Flutningar með flugi

Mikill vöxtur ferðaþjónustunnar sést glögglega hjá fyrirtækjum í flutningum með flugi og eru rekstrartekjur atvinnugreinarinnar nú sambærilegar við rekstrartekjur í framleiðslu málma. Rekstrartekjur ársins 2015 voru rúmlega 236 ma. kr. og höfðu aukist um tæplega 10% frá fyrra ári. Varanlegir rekstrarfjármunir hafa aukist töluvert milli 2014 og 2015 eða um rúmlega 23 ma. kr. Sú aukning virðist hafa verið fjármögnuð með langtímalánum en langtímaskuldir hækka um 23 ma. kr. milli áranna. Varanlegir rekstrarfjármunir í flutningum með flugi eru að stóru leiti bundnir í flugvélum.

### Mynd 5. Flutningar með flugi 2002–2015

Figure 5. Air transport 2002–2015




**Skýringar** Notes: Upphæðir eru á verðlagi ársins 2015 (notast er við neysluverðsvisítölu án húsnæðis). Values have been adjusted to 2015 prices.

## Heilbrigðis- og umönnunarpjónusta

Þó svo að mestur hluti heilbrigðis- og umönnunarpjónustu tilheyri hinu opinbera er einnig hluti sem tilheyrir einkageiranum. Þar er meðal annars um að ræða sérfræðilækningar, tannlækningar, starfsemi sjúkraþjálfara, aðra ótalinna heilbrigðisþjónustu, dvalarheimili með hjúkrun, rannsóknarstofur í læknisfræði, dagvistun barna, heilsugæslu og heimilislækningar ásamt starfsemi sálfræðinga. Samanlagt eru sérfræðilækningar og tannlækningar með tæplega 59% af veltu 2015 og hefur innbyrðis hlutdeild greina í heilbrigðis- og umönnunarpjónustu lítið breyst síðustu árin. Stöðug veltuaukning var frá 2002 til 2007, eða frá um 24 ma. kr. til 41 ma. kr. á verðlagi 2015. Eftir það stóð veltan nánast í stað eða minnkaði þar til 2013 að hún náði svipuðum gildum og 2007. Árið 2015 eykst veltan um 4,6% frá árinu áður. Samtala launakostnaðar og arðgreiðslna (úttekt úr rekstri) hefur verið nokkuð stöðug um 47% af veltu undanfarni ár.

### Mynd 6. Heilbrigðis- og umönnunarpjónusta 2002–2015

Figure 6. Human health and social work activities 2002–2015




**Skýringar** Notes: Upphæðir eru á verðlagi ársins 2015 (notast er við neysluverðsvisitölu án húsnæðis). Values have been adjusted to 2015 prices.

## Samanburður á nokkrum atvinnugreinum

Á mynd 8 hér að neðan má sjá hvernig velta smásöluverslunar eykst um 48,4% frá árinu 2002 til 2007 eða að meðaltali um 8,2% á ári yfir þetta fimm ára tímabil. Eftir það dregst veltan saman en frá 2011 hefur veltan aukist nokkuð og var veltuaukning milli áráanna 2014 og 2015 4,4%. Velta sjávarútvegsfyrirtækja dróst saman frá 2002 til 2005 um 14,9% en frá 2005 til 2012 jókst veltan um 46,7% eða að meðaltali um 5,6% á ári. Síðan þá hefur velta í sjávarútvegi dregist saman um 6,2%. Frá árinu 2005 byrjar velta í málmframleiðslu að aukast og má eflaust rekja það til hækkunar álverðs á milli 2005 og 2006 og svo aukningar framleiðslu frá 2006 til 2008. Síðan þá þróast veltan í takt við álverð í heiminum, sem náði hámarki á árinu 2011, en hefur lækkað nokkuð síðan.

### Mynd 7. Þróun rekstrartekna í framleiðslu málma, sjávarútvegi, smásöluverslun og ferðaþjónustugreinum 2002–2015

Figure 7. Operating income in manufacture of basic metals, fisheries, retail trade and tourism industries 2002–2015




**Skýringar** Notes: Upphæðir eru á verðlagi ársins 2015 (notast er við neysluverðsvisítölu án húsnæðis). Values have been adjusted to 2015 prices.

Flugsamgöngur eru sú grein innan ferðaþjónustunnar sem veltir mestu, en um helmingur af veltu ferðaþjónustugreina 2015 var vegna flugsamgangna og um 46% af hagnaði fyrir fjármagnsliði (EBIT). Frá 2002 til 2015 jókst veltan í greinum tengdum ferðaþjónustu um 166%, sem jafngildir 7,8% meðaltalsvexti á hverju ári. Á því tímabili var aðeins eitt ár þar sem veltan dróst saman en það var árið 2009 þegar veltan dróst saman um 7,5%.

**Mynd 8. Þróun heildareigna í framleiðslu málma, sjávarútvegi, smásöluverslun og ferðaþjónustugreinum**

Figure 8. Total assets of manufacture of basic metals, fisheries, retail trade and tourism industries




**Skýringar** Notes: Upphæðir eru á verðlagi ársins 2015 (notast er við neysluverðsvisistölu án húsnæðis). Values have been adjusted to 2015 prices.

Heildareignir í framleiðslu málma sjöfölduðust milli áráanna 2004 og 2008 en dróguð síðan saman um 22% frá 2008 til 2015. Á árunum frá 2002 til 2005 jókst hlutféild óefnislegra eigna af heildareignum í sjávarútvegi úr 20% í um 37%. Síðan þá hefur hlutféllið verið nokkuð stöðugt í kringum 40%. Um 72% af hækkuun á heildareignum í sjávarútvegi á milli áráanna 2001 og 2007 er vegna óefnislegra eigna eða 178 ma. kr. af 249 ma. kr. heildarhækkuun. Rétt er að hafa í huga að verulegur hluti af fastafjármunum í ferðaþjónustu og versluun er leigður, s.s. húsnæði fyrir hótél, flugvélar, verslunarhúsnæði o.fl. sem verður til þess að stærðir í efnahagsreikningi geta verið mismunandi milli fyrirtækja og tímabila þó svo að reksturinn sé svipaður.

**Mynd 9. Þróun hagnaðar fyrir fjármagnsliði (EBIT) fyrir framleiðslu málma, sjávarútveg, smásöluverslun og ferðaþjónustugreinar**

Figure 9. Earnings before interest for manufacture of basic metals, fisheries, retail trade and tourism industries




**Skýringar** Notes: Upphæðir eru á verðlagi ársins 2015 (notast er við neysluverðsvisítölu án húsnæðis). Values have been adjusted to 2015 prices.

Frá 2002 til 2015 hafa sjávarútvegsfyrirtæki skilað 697 mö. kr. í hagnað fyrir fjármagnsliði og skatta (EBIT), málmframleiðsla 253 mö. kr., smásöluverslun og ferðaþjónustan hvor um sig 190 mö. kr. Frá 2010 til 2015 er hagnaðurinn 382 ma. kr. fyrir sjávarútveg, 143 ma. kr. fyrir framleiðslu málma, 133 ma. kr. fyrir ferðaþjónustu og 74 ma. kr. fyrir smásölu.

**Mynd 10. Þróun launakostnaðar fyrir framleiðslu málma, sjávarútveg, smásöluverslun og ferðaþjónustugreinar 2002–2015**

Figure 10. Labour costs for manufacture of basic metals, fisheries, retail trade and tourism industries 2002–2015



**Skýringar** Notes: Upphæðir eru á verðlagi ársins 2015 (notast er við neysluverðsvisítölu án húsnæðis). Values have been adjusted to 2015 prices.

Frá 2009 hefur launakostnaður ferðaþjónustugreina aukist um 51 ma. eða tvöfalda-  
ast en á sama tíma hefur sá kostnaður hækkað um 15% í smásöluverslun, 19% í  
málmframleiðslu og sjávarútvegi.

## Gagnasafn

Tölfræðin er unnin beint upp úr skattframtölum sem Hagstofa Íslands fær frá Ríkis-  
skattstjóra. Stuðst er við skattframtal rekstraraðila, RSK 1.04, sem ætlað er lögaðil-  
um og einstaklingum í eigin atvinnurekstri með veltu yfir 20 millj. kr. Einnig er  
stuðst við rekstrarskýrslu einstaklinga, RSK 4.11, sem ætluð er einstaklingum í  
atvinnurekstri með veltu á bilinu 1 millj. kr. til 20 millj. kr.

Við úrvinnslu gagnanna er gert ráð fyrir að fyrirtæki og einstaklingar fylli framtalið  
samviskusamlega út samkvæmt þeim leiðbeiningum sem Ríkisskattstjóri gefur út  
og eru útreikningar unnir samkvæmt því<sup>1</sup>. Samt sem áður er rétt að hafa það í huga  
að í framtalsgerðinni geta aðilar fært kostnaðarliði í ranga reiti án þess að það hafi  
nokkur áhrif á skattalega niðurstöðu framtalsins og því er lítill hvati fyrir framtelj-  
endur að eyða mikilli vinnu í að sundurliða kostnað nákvæmlega eða skattyfirvöld  
að gera athugasemdir eða leiðréttta framtölin að þessu leyti.

Gagnasafnið nær til rekstrarframtala um 49.000 fyrirtækja, bæði lögaðila og ein-  
staklinga í atvinnurekstri. Þrátt fyrir að rekstrarskýrsla einstaklinga sé töluverður  
hluti af fjöldanum er hún aðeins um 1% af veltu og hefur hlutfallið farið lækkandi  
síðu árin og hefur því afar lítið vægi í heildar niðurstöðunum.

Fjöldi launþega er reiknaður út frá staðgreiðsluskra og er miðað við meðaltalsfjölda  
þeirra mánaða sem greidd eru laun. Fyrirtæki sem greiðir einum aðila laun í sex  
mánuði og engin laun hina mánuðina telst því vera með einn launþega. Fyrirtæki  
sem greiðir einum aðila laun í sex mánuði og öðrum í 12 mánuði telst vera með 1,5  
launþega. Ekki er gerður greinarmunur á hlutastörfum og fullum störfum.

---

<sup>1</sup> Sjá leiðbeiningar vegna eyðublaða RSK 1.04 og RSK 4.11 á heimasíðu Ríkisskattstjóra, [www.rsk.is](http://www.rsk.is).

## Atvinnugreinaflokkun og umfang

Fyrirtæki eru flokkuð samkvæmt ÍSAT2008, íslenski atvinnugreinaflokkun, sem byggist á atvinnugreinaflokkun ESB, NACE (fr. *Nomenclature statistique des Activités économiques dans la Communauté Européenne*) Rev. 2, sem byggist aftur á ISIC (e. *International Standard Industrial Classification of All Economic Activities*) Rev. 4 flokkunarkerfi Sameinuðu þjóðanna. Flokkunin er stigskipt þannig að fyrst eru greindir grófustu flokkar eða yfirflokkar en síðan verður flokkunin æ sérgreindari, þ.e. bálkar/deildir/flokkar/atvinnugreinar. Aðrar útgáfur og tölur Hagstofu Íslands notast við sömu atvinnugreinaflokkun.

Í þessu hefti er fjármálafyrirtækjum sleppt (atvinnugreinum í bálki K) og starfsemi höfuðstöðva, en þess í stað er lögð áhersla á fyrirtæki í eiginlegum atvinnurekstri. Á undan ÍSAT2008-flokkunarkerfinu, þ.e. fyrir 2008, var notast við ÍSAT95-flokkunarkerfið en hér eru öll fyrirtæki flokkuð samkvæmt nýja kerfinu fyrir öll árin.

Flest fyrirtæki falla innan skilgreiningar einnar atvinnugreinar samkvæmt ÍSAT2008-staðlinum en sum stærri fyrirtæki eru í fleiri en einni atvinnustarfsemi. Í þeim tilvikum ræður sú atvinnugrein sem færir fyrirtækinu hærri rekstrartekjur. Nærtækasta dæmi um þetta eru e.t.v. sjávarútvegsfyrirtæki sem eru bæði í veiðum og vinnslu. Fiskveiðar tilheyra deild 03 (fiskveiðar og fiskeldi) en fiskvinnsla tilheyrir deild 10 (matvælaframleiðsla). Í þessu hefti og í mörgum tilvikum hér á landi eru flokkar 03.1 (fiskveiðar) og 10.2 (fiskvinnsla, vinnsla krabbadýra og lindýra) felldir saman.

Þessi samantekt nær aðeins yfir framtalsskylda aðila á markaði. Í sumum atvinnugreinum, s.s. heilbrigðisþjónustu, leikur hið opinbera mjög stórt hlutverk en það kemur ekki inn í tölur hér. Þannig endurspeglar t.d. velta heilbrigðisþjónustu nær eingöngu veltu einkarekinna aðila, t.d. tannlækna, læknastofa og annars einkareksturs. Eina undantekningin frá þessu er Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR) en hlutdeild hennar í hagnaði fyrir skatta í deild 47 (allri smásöluverslun að undanskildum vélknúnum ökutækjum) var um 10% fyrir árið 2014 og hlutdeild í veltu 8% á sama tíma. Í flokki 47.2 (smásala á matvöru, drykkjarvöru og tóbaki í sérverslunum) er hlutdeild ÁTVR um 80%.

## Sérstakar samantektir

Fyrir birtingu þessara hagtalna hafa verið útbúnar sérstakar samantektir þar sem líkum atvinnugreinum er steipt saman og myndaðir hópar. Þessir hópar byggjast á skilgreiningum Evrópusambandsins úr reglugerð um staðlaða fyrirtækjatölfræði (e. *structural business statistics*). Þó er rétt að taka það fram að fiskveiðum hefur verið bætt við viðskiptahagkerfið (e. *total business economy excluding financial and insurance activities*), sem annars nær yfir bála B til N, að undanskildum bálki K (fjármála- og tryggingastarfsemi). Fiskveiðar tilheyra bálki A ásamt landbúnaði og skógrægt, en þar sem vægi sjávarútvegsins hér á landi er mjög mikið er fiskveiðum bætt við viðskiptahagkerfið.



Skilgreiningin á hvaða atvinnugreinar teljast til ferðaþjónustugreina er frá Hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat, og er því samanburður við önnur lönd auðveldur. Tafla 4 sýnir einkennandi atvinnugreinarnar ferðaþjónustunnar.

**Tafla 3. Einkennandi atvinnugreinar ferðaþjónustunnar**

Table 4. *Tourism industries*

Númer atvinnugreinar skv. ÍSAT2008 NACE Rev. 2 Codes	Lýsing Description
491	Farþegaflutningar með járnbrautarlestum milli borga <i>Passenger rail transport, interurban</i>
4932	Rekstur leigubíla <i>Taxi operation</i>
4939	Aðrir farþegaflutningar á landi <i>Other passenger land transport n.e.c.</i>
501	Millilanda- og strandsiglingar með farþega <i>Sea and coastal passenger water transport</i>
503	Farþegaflutningar á skipgengum vatnaleiðum <i>Inland passenger water transport</i>
511	Farþegaflutningar með flugi <i>Passenger air transport</i>
551	Hótel og gistiheimili <i>Hotels and similar accommodation</i>
552	Orlofsdvalarstaðir og annars konar gistaðstaða <i>Holiday and other short-stay accommodation</i>
553	Tjaldsvæði, svæði fyrir húsbíla og hjólhýsi <i>Camping grounds, recreational vehicle parks and trailer parks</i>
561	Veitingastaðir <i>Restaurants and mobile food service activities</i>
563	Krár, kaffihús og dansstaðir o.þ.h. <i>Beverage serving activities</i>
771	Leiga á vélknúnum ökutækjum <i>Renting and leasing of motor vehicles</i>
7721	Leiga á tómstunda- og íþróttavörum <i>Renting and leasing of recreational and sports goods</i>
79	Ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og önnur bóknarþjónusta <i>Travel agency, tour operator and other reservation service and related activities</i>

## **English summary**

Turnover in the business economy, excluding pharmaceuticals, financial and insurance activities, was approximately 3,700 billion ISK in 2015 compared to 3,400 billion ISK in 2014, an increase of 6.8%. Total equity increased by more than 16% and was 2,600 billion ISK at year end 2015. Dividend payments in 2015 were approximately 93 billion ISK, an 8 billion ISK increase from the previous year.

Comparing operating income in selected industries, fisheries had an income of 364 billion ISK (an increase of 4.1%), income of companies in the tourism industry was 479 billion ISK (13%) and income in the manufacturing of basic metals was 247 billion ISK (7%).

Total equity in the tourism industry went from 63 billion ISK at year end 2014 to 91 billion ISK at year end 2015. Increase of total equity in real estate activities was 64 billion ISK, an increase of 23% from 2014 and the increase of equity in fisheries was 38 million ISK or 18%.

Dividend payments in fisheries were approximately 15 billion ISK, a decrease of 6.2 billion ISK from 2014. Tourism industries paid out dividends of more than 11 billion ISK in 2015, an increase of 2.9 billion from the previous year.



**Hagfíðindi** **Fyrirtæki**  
**Statistical Series** **Enterprises**

101. árg. • 30. tbl. 18. nóvember 2016

ISSN 1670-4770

Umsjón *Supervision* Gísli Már Gíslason • gisli.gislason@hagstofa.is

Valgeir Geirsson • valgeir.geirsson@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 105 Reykjavík Iceland

[www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is) [www.statice.is](http://www.statice.is)

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

*Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.*